

um rannsókn á starfsgrundvelli samstarfsnefnda launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar rannsókn á og gera tillögur um, hvort finna megi starfsgrundvöll fyrir samstarfsnefndir launþega og vinnuveitenda innan einstakra fyrirtækja.

#### Greinargerð.

Á síðustu árum hefur sú skoðun átt vaxandi fylgi að fagna, að nauðsyn væri á bættu samstarfi launþega og vinnuveitenda.

Alþingi hefur samþykkt tillögur um ráðstafanir á breiðum grundvelli til tryggingar vinnufriði, og ber að sjálfsögðu að halda áfram allri viðleitni í þá átt.

En auk þessara almennu athugana og aðgerða má fleira gera, og er hér bent á ákveðna leið, sem flutningsmaður telur nauðsynlegt að rannsaka og framkvæma, ef hægt er.

Á Alþingi var fyrir nokkrum árum samþykkt þingsályktunartillaga, sem fer í svipaða átt og hér um ræðir. Í henni var fjallað almennt um þetta mál og ríkisstjórninni falin framkvæmd þess.

Í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, er hins vegar bent á ákveðna leið og gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni verði falið að kanna, hvort hún sé ekki heppileg hér.

Á þessa leið er bent fyrst og fremst vegna þess, að hún hefur verið reynd með góðum árangri í nágrannalöndum okkar, sem skyldust og næst eru, þ. e. Norðurlöndum.

Samstarfsnefndunum er ætlað annars vegar að fjalla um hagkvæmni í rekstri, skipulagningu vinnunnar, aukna tækni og efnissparnað, en um aðbúnað verka-fólks á vinnustað, öryggisráðstafanir til að afstýra slysum, atvinnuöryggi og önnur félagsleg vandamál starfsfólksins hins vegar.

Endurbætur á þessum sviðum geta allar leitt til framleiðsluaukningar, sem er fyrsta skrefið til raunhæfra kjarabóta.

Það er skýrt tekið fram í samningunum um nefndir þessar á meðal grannþjóðanna, að öllum deilum um samninga um kaup og kjaramál skuli halda utan við starfssvið þeirra og vera eftir sem áður í höndum heildarsamtakanna.

Á þennan ákveðna möguleika hefur ekki verið bent hér á Alþingi og málið lítt kynnt hér. Tvær tímaritsgreinar hafa birt um málið nýlega, önnur eftir formann Landssambands iðnaðarmanna, sem lýsir hrifningu sinni á fyrirkomulagi og árangri í samstarfsnefndum nágrannalöndanna m. a. með þessum orðum: „Samstarfsnefndunum hefur tekizt á undraverðan hátt í mörgum stórfyrirtækjum að sýna í verki, að aukið samstarf launþega og vinnuveitenda hefur orðið báðum aðilum til góðs.“ Hin greinin er eftir núverandi framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, sem kynnt hefur sér þessi mál meðal nágrannarþjóðanna. Ég vil leyfa mér að taka hér upp í greinargerð þessa lokaorðin úr tímaritsgrein hans, sem eru á þessa leið: „Ég tel mig hafa fengið góða yfirsýn yfir þessa starfsemi, jafnframt því sem ég hef sannfærzt um, að slík starfsemi gæti tvímælalaust orðið að liði hér á landi, ef rétt væri á málum haldið. Ekki aðeins í iðnaði og verksmiðjurekstri, heldur einnig í sjávarútvegi, fiskiðnaði og ýmsum greinum landbúnaðarstarfrækslu, svo sem mjólk-uridnaði, kjötiðnaði o. fl., mundi slík samvinna um framleiðnimálefni geta orðið atvinnulífinu gagnleg. Ekki leikur á tveim tungum, að hér er fyrir hendi verkefni, sem ber að gefa gaum. — Það verður að teljast í fyllsta máta eðlilegt, að hið opinbera hafi hér frumkvæði og reyni að fá samtök vinnumarkaðarins til samstarfs um þessi mál, svo mikilvæg sem þau eru fyrir afkomu þjóðarheildarinnar. Því verður ekki að óreyndu trúað, að ekki sé fyrir hendi skilningur hjá þessum aðilum á gildi þess að koma slíkri samvinnu á, svo vafalítið sem það er, að hún á að geta orðið þjóðhagslega mikilvæg, ef rétt er á málum haldið, og ekki ólíkleg til að leggja grundvöll að stórbættum lífskjörum almennings. Eins og nú háttar til, er ekki aðeins rétt að kanna nýjar leiðir, heldur beinlínis skylda allra ábyrgra aðila að leita nýrra úrræða. Samstarf um framleiðnimálefni er vafalaust eitt af því, sem þar kemur til greina.“